

Umfjöllun um erlent vinnuafli í íslenskum fjölmiðlum – spegla fjölmiðlar raunverulega þróun?

Klemenž Hrafn Kristjánsson

MSc í stjórnun og stefnumótun

Margrét Sigrún Sigurðardóttir

Lektor Viðskiptafræðideild Háskóli Íslands

Valgerður Anna Jóhannsdóttir

Lektor Stjórn málafræðideild Háskóli Íslands

Útdráttur Erlendum ríkisborgurum á íslenskum vinnumarkaði hefur fjölgað mjög undanfarin ár. Hlutfall erlends vinnuafli fór úr tæplega 4% árið 2006 í rúmlega 13% árið 2017. Erlendir ríkisborgarar hafa orðið fyrir ákveðnum fordómum á íslenskum vinnumarkaði og vísbendingar eru um að umfjöllun fjölmiðla endurspegli ekki hlutfall erlendra ríkisborgara í íslensku samfélagi. Í þessari grein skoðum við umfang og eðli umfjöllunar um erlent vinnuafli í þremur íslenskum fréttamiðlum frá árinu 2006 til ársins 2017. Umfjöllun um erlent vinnuafli virðist að ákveðnu marki fylgja hlutfalli erlends vinnuafli á vinnumarkaði innan tímabilsins. Mest var umfjöllunin í upphafi rannsóknartímabilsins, en þann topp má rekja til þess að Frjálslyndi flokkurinn gerði áhættuna sem gæti stafað af innflutningi erlends vinnuafli að kosningamáli fyrir þingkosningarnar 2007. Umfjöllun um erlent vinnuafli var þó almennt frekar jákvæð en neikvæð, þótt erlendu vinnuafli sé í einhverjum tilfellum stillt upp sem andstöðu við öryrkja og eldri borgara. Hlutfall umfjöllunar um erlent vinnuafli, af öllum greinum sem fjalla um vinnuafli, er þó hærra en hlutfall útlendinga á Íslenskum vinnumarkaði.

Efnisorð: Erlent vinnuafli • fjölmiðlar • vinnumarkaður • dagskrárvald

Abstract The ratio of foreign nationals in the Icelandic labour market has grown quite a lot in the last few years, rising from 4% in 2006 to 13% in 2017. Foreigners have been met with some prejudice in the Icelandic labour market and there are indications that media coverage does not reflect their high numbers in Iceland. In this article we look at the media coverage of foreign nationals in the Icelandic labour market in three Icelandic media outlets from 2006 to 2017. The coverage is not extensive but it does seem to follow the ratio of foreign nationals in the labour market. The coverage was greatest in the beginning of the research period, when the political party Frjálslyndi flokkurinn put the danger of free flow of labour on its agenda. The media coverage of foreign labour is mostly positive, although in some cases foreign labour has been pitted against the elderly and disabled. The ratio of media coverage of foreign labour in the total labour market coverage is, however, higher than the ratio of foreign workers in the labour market.


Keywords: foreign • workers • media • labour market • agenda setting

Inngangur


Íslenskt samfélag hefur í sögulegu samhengi verið mjög einsleitt. Hér bjuggu lengst af Íslendingar, sem upp til hópa voru fæddir á Íslandi og áttu foreldra sem einnig voru fæddir á Íslandi og töluðu íslensku. Fram kemur í doktorsritgerð Önnu Wojtyńska (2019) að Ísland hefur á skömmum tíma farið frá því að flytja út vinnuafl í það að flytja inn vinnuafl. Fram að aldamótum voru flestir innflytjendur á Íslandi frá hinum Norðurlöndunum og Vestur-Evrópu (Ólöf Garðarsdóttir og Þóroddur Bjarnason, 2010) en það hefur á undanförunum árum breyst og eru flestir erlendir ríkisborgarar, eða 46%, frá Póllandi (Vinnuálastofnun, 2018). Aukning á erlendu vinnuafli hefur óumflýjanlega leitað inn í samfélagsumræðuna þar sem skoðanir eru skiptar. Í þessari grein munum við skoða hvernig umfjöllun um erlent vinnuafl þróast í fjölmiðlum á Íslandi frá árinu 2006 til 2017. Ákveðið var að afmarka rannsóknina við hugtakið vinnuafl, en með því greinum við umræður út frá efnahagslegum forsendum. Aðlögun og staða þeirra sem hingað koma í leit að vinnu er mikilvægt rannsóknarefni sem aðrir hafa sinnt, eins og sjá má í sérriiti Íslenska þjóðfélagsins (Kristín Loftsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir, 2019). Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á umfjöllun fjölmiðla um erlent vinnuafl á þessu tímabili, sem fangar bæði uppgang og efnahagskreppu. Við veltum því upp hvort fjölmiðlar spegli fjölbreytileikann í íslensku samfélagi 21. aldar. Við byrjum á því að gera grein fyrir þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið á stöðu erlends vinnuafls á Íslandi auk þess að gera grein fyrir rannsóknum á fjölmiðlaumfjöllun um erlent vinnuafl. Í framhaldi af þeirri umfjöllun gerum við grein fyrir rannsóknum á hlutverki fjölmiðla í samfélagslegri umræðu og lýsum aðferð við greiningu á umfjöllun í tveimur prentmiðlum, Morgunblaðinu og Fréttablaðinu, auk vefmiðilsins mbl.is.

Erlent vinnuafl á Íslandi

Hugtakið erlent vinnuafl vísar hér til þeirra sem eru á íslenskum vinnumarkaði en hafa ekki íslenskan ríkisborgararétt. Skilgreining Hagstofunnar á bakgrunni einstaklings er eftirfarandi: „Innflytjandi er einstaklingur sem er fæddur erlendis og á foreldra sem einnig eru fæddir erlendis, svo og báðir afar og ömmur“ (Hagstofa Íslands, 2018). Frá aldamótum hefur hlutfall innflytjenda og annarra einstaklinga með erlendan bakgrunn aukist (sjá mynd 1). Á sama tíma hefur hlutfall erlends vinnuafls sem hluta af heildarvinnuafli á Íslandi farið úr tæplega 4% í rúmlega 13% (sjá mynd 2).



Mynd 1. Erlendur bakgrunnur, þróun á Íslandi 1996–2018 (Hagstofa Íslands, 2020).




Mynd 2. Þróun á hlutfalli erlends vinnuafls af heildarvinnuafl á íslenskum vinnumarkaði. Erlent vinnuafli samanstendur af einstaklingum með erlendan ríkisborgararétt (Vinnumálastofnun, 2017; Vinnumálastofnun, 2018).

Eins og sést á mynd 2 jókst hlutfall erlendra ríkisborgara af heildarvinnuafl á íslenskum vinnumarkaði mikið árin fyrir hrun. Hlutfallið fór minnkandi eftir hrun og var lægst, 8,2%, árið 2011. Það er sambærilegt við hlutfallið árið 2007 sem engu að síður hefur í íslensku samhengi orðið samnefnari fyrir góðæri. Rétt er þó að taka fram að þessar tölur miðast við skráningu 1. janúar ár hvert og sveiflur innan árs koma því ekki fram í gögnunum. Hugsanlegt er því að fjölgun og fækkun erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði hafi verið meiri árið 2008

en fram kemur í gögnum (Vinnumálastofnun, 2017; Vinnumálastofnun, 2018). Stöðug aukning hefur verið í hlutfalli erlendra ríkisborgara af íslenska vinnumarkaðnum og árið 2017 var það komið í 13,2% og hafði aldrei verið hærra. Erlent vinnuafl kemur alls staðar að, en Pólverjar eru langsamlega fjölmennastir. Við upphaf árs 2017 voru Pólverjar 46% erlendra ríkisborgara búsettra á Íslandi. Næstir voru Litháar, um 8%, og Þjóðverjar, um 4%, en hlutfall annarra þjóðerna var talsvert lægra (Vinnumálastofnun, 2018).

Innflutningur á erlendu vinnuafli hefur í sögulegu samhengi verið knúinn áfram af þörf fyrir erfiðisvinnu (Anna Wojtynska, 2019; Karl Sigurðsson og Valur Arnarsson, 2011; Vinnumálastofnun, 2018) og hafa útlendingar fyrst og fremst sinnt láglounastörfum (Guðbjört Guðjónsdóttir og Kristín Loftsdóttir, 2009; Unnur Dís Skaptadóttir, 2015). Líkt og sjá má á mynd 3 fækkaði snarlega í hópi erlends vinnuafls í byggingariðnaðnum eftir hrun, en fjölgaði í ferðaþjónustu á móti. Á síðustu árum hefur byggingariðnaðurinn þó sótt í sig veðrið og fjöldinn árið 2018 var orðinn svipaður og hann var 2008.



Mynd 3. Samanburður á erlendu vinnuafli innan byggingariðnaðar annars vegar og ferðaþjónustu hins vegar (Hagstofa Íslands, 2020).

Samkvæmt greiningum Vinnumálastofnunar hefur fjölgun erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði fyrst og fremst verið drifin áfram af þenslu, en fjölgun starfa hefur verið meiri en fjölgun einstaklinga á vinnumarkaði. Þenslan sést ef til vill skýrast í tölum um starfsmannaleigur, en fjöldi einstaklinga sem unnu fyrir starfsmannaleigur fór mest í 1.505 manns fyrir hrun árið 2007, en árið 2017 var sú tala komin í 3.205. Þess ber þó að geta að talan 3.205 er uppsöfnuð yfir árið, en hér á landi eru að jafnaði 1.504 starfmenn hjá starfsmannaleigum í hverjum mánuði (Vinnumálastofnun, 2018). Skammtíamavinnuafl í gegnum starfsmannaleigur virðist því hafa orðið að langtímalausn á sveiflum á íslenskum

vinnumarkaði (Gylfi Magnússon, Inga Minelgaite, Erla S. Kristjánsdóttir og Þóra H. Christiansen, 2018).

Rannsóknir á meðal starfsmanna hjá íslenskum starfsmannaleigum hafa sýnt að væntingar til Íslands eru töluverðar, en þótt margt hafi farið fram úr væntingum er reynslan tvíbent (Erla S. Kristjánsdóttir, Þóra H. Christiansen og Inga Minelgaite, 2019). Þá kemur fram að meirihluti þeirra Litháa sem sóttu vinnu á Íslandi í gegnum starfsmannaleigur var menntaður og í starfi í heimalandinu þegar hann sótti um vinnu hjá starfsmannaleigunni, sem bendir til þess að hugmyndir um starfsmenn starfsmannaleiga sem einstaklinga sem ekki fá vinnu annars staðar eigi ekki við rök að styðjast (Minelgaite, Christiansen og Kristjánsdóttir, 2019).

Upplýsingar um menntun erlendra ríkisborgara á Íslandi liggja almennt ekki fyrir, en upplýsingar af atvinnuleysisskrá benda þó til þess að stór hluti þeirra sem hingað sækja sé aðeins með grunnmenntun, eða 44%, á meðan um 38% hafa framhaldsmenntun og 19% hafa háskólapróf. Af þeim sem lokið höfðu háskólaprófi höfðu tveir af hverjum þremur engu að síður sinnt störfum sem ekki kröfðust háskólagráðu (Vinnumálastofnun, 2018). Rannsóknir hafa jafnframt sýnt að erlendir ríkisborgarar telja að menntun þeirra nýtist almennt ekki á íslenskum vinnumarkaði (Vala Jónsdóttir, Kristín Harðardóttir og Ragna B. Garðarsdóttir, 2009; Þóra Christiansen og Erla S. Kristjánsdóttir, 2016).

Rannsóknir á erlendu vinnuafli benda til þess að staða erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði sé veik (Sólveig Georgsdóttir og Hallfríður Þórarinsdóttir, 2009; Unnur Dís Skaptadóttir, 2015; Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtynska, 2019; Þóra Christiansen og Erla S. Kristjánsdóttir, 2016). Rannsóknir hafa sýnt að erlent vinnuafli á Íslandi mætir talsverðum fordómum (Kristín Loftsdóttir, 2015). Austur-Evrópubúar og þá sérstaklega Litháar fá á sig þann stimpil að þeir séu tengdir glæpasamtökum (Kristín Loftsdóttir, 2019) og mannauðsstjórar telja múslima vera ógn við hugmyndir okkar um kynjajafnrétti (Kári Krittinson og Margrét Sigrún Sigurðardóttir, 2019; Kristín Loftsdóttir, Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Kári Kristinsson, 2016). Í viðtölum við mannauðsstjóra komu fram vísbendingar um fordóma í garð Austur-Evrópubúa, en mannauðsstjórnarnir hikuðu þó ekki við að mæla með ráðningu Pólverja og Litháa þegar menntun þeirra og reynsla hentaði best í starfið (Kristín Loftsdóttir o.fl., 2016), hugsanlega vegna þess að þeir eru fjölmennasti hópur erlendra starfsmanna og reynsla komin á störf þeirra. Vísbendingar eru jafnframt um að það að hafa aflað sér menntunar á Íslandi skili sér í minni fordómum, enda getur það gefið vísbendingu um ákveðna aðlögun að íslensku samfélagi (Stangej, Minelgaite, Kristinsson og Sigurðardóttir, 2019) og þar með fylgi ráðningu einstaklings með íslenska menntun minni óvissa og áhætta (Kristinsson og Sigurdardottir, 2020).

Umfjöllun um erlent vinnuafli í íslenskum fjölmiðlum

Guðný Björk Eydal og Guðbjörg Ottósdóttir (2009) greindu umfjöllun um innflytjendur (erlent vinnuafli og fjölskyldur þess, flóttafólk og hælisleitendur) í völdum íslenskum fjölmiðlum frá miðjum september 2008 til apríl 2009, eða þá mánuði sem umræða um hrúnið stóð sem hæst. Niðurstaða þeirra er að langmest umræða var um hælisleitendur á þessu tímabili. Umfjöllun um flóttamenn og hælisleitendur var þó, þrátt fyrir tímasetninguna, ekki sett í samhengi við fjármálakreppuna, en það var umfjöllun um erlent vinnuafli hins vegar. Í umfjöllun um erlent

vinnuafli var fjallað um atvinnuleysi erlendra ríkisborgara og væntan flóttu þeirra frá landinu. Umfjöllunin var þó ekki einhliða um fólksflóttu heldur var einnig fjallað um að erlendir ríkisborgarar hefðu ákveðið að fara ekki, þrátt fyrir slæmt efnahagsástand. Rannsóknir sýna að raunin var sú að meirihluti erlendra ríkisborgara ákvað að búa áfram á Íslandi í efnahagshruninu, enda skall fjármálakreppan ekki aðeins á Íslandi heldur einnig heimalöndum erlendra ríkisborgara (Anna Wojtyńska, 2019; Ólöf Garðarsdóttir og Þóroddur Bjarnason, 2010). Niðurstöður Guðnýjar og Guðbjargar (2009) eru þær að umfjöllun um innflytjendur á Íslandi snúist fremur um útlendinga sem vinnuafli en að fjallað sé um þá sem einstaklinga og nýja íbúa á Íslandi. Í samantekt Creditinfo um umfjöllun um innflytjendur og erlent vinnuafli í fjölmiðlum árið 2006 kemur fram að í greinum sem fjölluðu um erlent vinnuafli á Íslandi var aðeins í 3,7% tilfella rætt við útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Hlutfallið var heldur hærra í umfjöllun um innflytjendur þar sem í 5,4% tilfella var rætt við innflytjendur (Fjölmiðlavaktin, 2007). Þetta lága hlutfall viðtala við útlendinga á Íslandi er í samræmi við niðurstöður Lindu Daggar Hlöðversdóttur (2005), en hún komst að þeirri niðurstöðu að jafnvel önnur kynslóð asískra innflytjenda sæi enga umfjöllun um sig í íslenskum fjölmiðlum og samsamaði sig því ekki Íslendingum. Helga Ólafsdóttir (2009) telur jafnframt að íslenskir fjölmiðlar bregðist þeim stóra hópi erlendra ríkisborgara sem starfar og býr á Íslandi. Reynsla inflytjenda er jafnvel að því meira sem þeir skilja í íslensku, þeim mun verr líður þeim yfir umfjöllun um innflytjendur á Íslandi (Helga Ólafs og Malgorzata Zielińska, 2010). Í þessu ljósi er skýrsla Baldurs Kristjánssonar (2009), fulltrúa Íslands í Evrópunefnd gegn kynþáttafordómum, mikilvæg, en þar dregur hann fram ábyrgð fjölmiðlafólks, kennara og stjórnmalamanna á því að stemma stigu við kynþáttafordómum.

Umfjöllun um erlent vinnuafli í erlendum miðlum

Alþjóðlega virðast fáar rannsóknir hafa verið gerðar á umfjöllun um erlent vinnuafli í fjölmiðlum. Undantekningin frá þessu eru þó ýtarlegar rannsóknir á umfjöllun um erlent vinnuafli í Kanada. Rannsóknirnar taka flestar á umfjöllun um farandverkamenn sem koma tímabundið til Kanada á uppskerutímanum. Greining á umfjöllun um þessa verkamenn á árunum 1996 til 2002 benti til þess að tæpt sé á því að illa sé komið fram við verkamennina og þeir standi utan kanadísks samfélags en um leið kemur sú áhersla skýrt fram að þeir séu hagkerfinu nauðsynlegir (Bauder, 2005). Þær rannsóknir sem komið hafa í kjölfarið benda til þess að umfjöllun um erlent vinnuafli í kanadískum fjölmiðlum hafi færst frá því að erlent vinnuafli sé ógn við kanadískt vinnuafli yfir í að erlendir verkamenn séu fórnarlömb vinnuveitenda sem brjóta á réttindum erlends vinnuafls (Hari, 2018). Þær tilfinningar Kanadamanna til erlends vinnuafls sem birtast í fjölmiðlum virðast mjög skilyrtar, en fram kemur að umfjöllun um erlent vinnuafli er aðeins jákvæð ef einstaklingarnir sem um er fjallað hegða sér vel og virða kanadíska menningu (Inouye, 2012). Það er í samræmi við niðurstöður Kristínar Loftsdóttur, Margrétar Sigrúnar Sigurðardóttur og Kára Kristinssonar (2016) um viðhorf mannaússjóra til ráðninga á erlendu starfsfólki, þar sem andstæðan við jafnréttishugsun er dregin fram sem réttlætning á andstöðu við að ráða múslima.

Sérstök greining á því sem verkalyðsforystan segir um erlent vinnuafli dregur fram togstreituna sem er á milli þess annars vegar að verja kanadískt vinnuafli og hins vegar að

tryggja að réttindi verkamanna séu almennt tryggð. Foster (2014) greinir þrjár meginlínur í orðræðu verkalýðsforystunnar; Kanadamenn fyrst (e. Canadian first); viðkvæm staða erlends vinnuafls (e. vulnerable transient workers) og sögur sem stangast á (e. conflicting stories). Innan fyrsta þemans er umfjöllunin fyrst og fremst um að það sé í raun ekki skortur á kanadísku vinnuafli, en fáir séu tilbúnir til að vinna á þeim kjörum sem erlendu verkafólki sé boðið upp á. Gagnrýnin er því á vinnuveitendur sem nota erlent vinnuafl sem er tilbúið til að setta sig við lág laun. Í þessu þema beinist orðræðan að vinnumarkaðnum og vinnuveitendum en erlenda vinnuaflið hefur sjálft ekkert vægi. Breyting verður á orðræðunni árið 2007 þegar annað þemað um viðkvæma stöðu erlends vinnuafls kemur fram. Foster telur að þá breytingu megi rekja til umfjöllunar fjölmiðla um brot á réttindum erlends vinnuafls. Þriðja þemað kemur svo strax í kjölfar annars þemans árið 2008 þegar fjármálakrísan ríður yfir með miklu atvinnuleysi í Kanada. Í þriðja þemanu koma fram þættir úr fyrsta þemanu, en með meiri blæbrigðum. Í ljósi þeirrar umræðu sem farið hafði fram um brot á erlendu vinnuafli var ekki hægt að færa orðræðuna beint aftur í fyrsta þemað og því þurfti verkalýðsforystan að taka tillit til beggja sjónarmiða (Foster, 2014).

Hlutverk fjölmiðla í samfélagsumræðu

Fjölmiðlar gegna margs konar hlutverki í nútímasamfélögum. Þeir eru uppspretta upplýsinga fyrir borgarana og farvegur fyrir skoðanir yfirvalda, hagsmunahópa og almennings, og veita valdhöfum aðhald. Almennt er lítið um það deilt að fjölmiðlar, einkum fréttamiðlar, hafi mikilvægu hlutverki að gegna í gangverki lýðræðis (Jóhannsdóttir, 2019). Rannsóknir benda enda til þess að fjölmiðlar geti haft víðtæk áhrif á þekkingu og skynjun fólks á heiminn og á mótun almenningsálits (Curran, Salovaara-Moring, Coen og Iyengar, 2010; Nielsen og Schröder, 2013). Í skýrslu nefndar menntamálaráðherra segir m.a. að það stuðli „að lýðræðislegri umræðu og gagnsæjum stjórnarháttum að almenningur hafi aðgang að fjölbreyttum og áreiðanlegum upplýsingum í gegnum fjölmiðla“ (Davíð Þór Björgvinsson, Guðmundur Heiðar Frímansson, Karl Axelsson og Pétur Gunnarsson, 2004).

Gjarnan er talað um fjölmiðla sem fjórða valdið með vísan í aðhalds-, upplýsinga- og umræðuhlutverk þeirra. Þorbjörn Broddason (2005, bls. 42) bendir á að jafnvel þótt fjölmiðlar búi ekki yfir formlega skilgreindu valdi, líkt og löggjafarvaldið, framkvæmdarvaldið og dómvaldið, búi þeir eigi að síður yfir „raunverulegu valdi í klassískum félagsfræðilegum skilningi.“ Umfjöllun fjölmiðla um hin ýmsu mál – eða skortur á henni – er þó gjarnan gagnrýnd, líkt og fram kom í rannsóknum á umfjöllun fjölmiðla um innflytjendur og erlent vinnuafl, sem greint er frá hér fyrir ofan (Helga Ólafsdóttir, 2009; Linda Dögg Hlöðversdóttir, 2005). Birgir Guðmundsson (2007, bls. 11–15) bendir á, að þótt fjölmiðlar eigi og vilji endurspegla samfélagsveruleikann sé „fjölmiðlaveruleikinn þó ætíð sýndarveruleiki, sem er búinn til úr umsköpun og túlkun.“ Í skýrslu nefndar menntamálaráðherra (Davíð Þór Björgvinsson o.fl., 2004, bls. 5) er sömuleiðis bent á að um leið og fjölmiðlar spegla vissulega samfélag sitt á hverjum tíma séu þeir einnig „mótunarafl með því einu að veita sumum málum athygli en ekki öðrum og með því að halda fram skoðunum um tiltekin mál.“ Þarna er vísað til þess sem kallað hefur verið dagskrárvald (e. agenda setting) fjölmiðla (McCombs og Shaw,

1972). Vitneskja fólks um heiminn er að stórum hluta byggð á því sem fram kemur í fjölmiðlum og almenningur treystir því að það sem fjölmiðlar fjalla mest um séu mikilvægustu málefni (McCombs, 2008). Friðrik Þór Guðmundsson o.fl. (2010, bls. 248) orða það svo að hugtakið dagskrárvald tákni „í allra stystu máli að fjölmiðlarnir segi okkur að visu ekki hvað við eigum að hugsa, en hins vegar segi þeir okkur hvað við eigum að hugsa um.“

Kenningin um dagskráráhrif fjölmiðla hefur verið mjög áhrifamikil og fjölmargar rannsóknir um allan heim hafa rennt stoðum undir hana (McCombs, 2008). Tækniþróun undanfarin ár og breytt fjölmiðlalandslag hefur hins vegar orðið til þess að sett hafa verið spurningarmerki við gildi hennar. Ýmsir hafa haldið því fram að tækniþróun hafi dregið úr vægi hefðbundinna fjölmiðla, áhrifum þeirra og möguleikum á að setja mál á dagskrá (Bennett og Iyengar, 2008; Chaffee og Metzger, 2001; McNair, 2006). Framboð á upplýsingum og umræðu um þjóðfélagsmál hefur aukist mjög, ekki síst fyrir tilkomu stafrænnar tækni og nú síðast með innreið samfélagsmiðla. Borgararnir geti orðið sér úti um nauðsynlegar upplýsingar án milligöngu fjölmiðla og hver sem er geti kvatt sér hljóðs í umræðu á opinberum vettvangi. Fjölmiðlalandslagið er gjörbreytt og að sumu leyti óreiðukenndara, orðið blanda hefðbundinna ritstýrðra fjölmiðla og nýmiðla af ýmsu tagi, og lesendur og áhorfendur dreifðir um allt (Helles, Ørmen, Radil og Jensen, 2015). Samfélagsmiðlar eru taldir hafa haft mikil áhrif á þjóðfélagsumræðu víða og ýtt undir uppgang lýðhyggjustjórn mála (populisma) og útbreiðslu samsæriskenninga af ýmsu tagi (sjá t.d. Bergmann, 2020; Bergmann og Butter, 2020). Áhrif nýmiðla á þjóðfélagsumræðu eða viðhorf fólks hafa lítt verið könnuð á Íslandi og rannsókn þessi nær ekki til þeirra. Rannsóknir á fréttaneyslu benda hins vegar til þess að þrátt fyrir aukið framboð miðla og efnis fái mikill meirihluti fólks fréttir sínar enn þá fyrst og fremst úr hefðbundnum fjölmiðlum (Newman, Fletcher, Kalogeropoulos, Levy og Nielsen, 2017; Newman, Fletcher, Levy og Nielsen, 2016). Notkun samfélagsmiðla er mjög útbreidd á Íslandi, en eigi að síður sýna niðurstöður könnunar sem gerð var 2017 að rúmlega 9 af hverjum 10 segjast nálgast fréttir hjá hefðbundnum ritstýrðum fjölmiðlum, hlutfallslega flestir á netinu, en notkun ljósvaka- og prentmiðla til að fá fréttir er einnig útbreidd (Jóhannsdóttir, 2019). Miðlar sem voru ráðandi fyrir stafrænu byltinguna hafa haslað sér völl á netinu og eru enn ráðandi (Nielsen og Schröder, 2014; Papathanassopoulos o.fl., 2013; Takeshita, 2006). Shehata og Strömbäck (2013) prófuðu kenninguna um dagskrárvald fjölmiðla í rannsókn sem gerð var í tengslum við þingkosningar í Svíþjóð árið 2010. Kannað var hvaða málefni almenningi þóttu mikilvægust í upphafi kosningabaráttunnar og við lok hennar, og þau borin saman við þau málefni sem fjölmiðlar fjölluðu mest um. Niðurstaðan var að þau mál sem fjölmiðlar settu á dagskrá í tengslum við kosningarnar voru af almenningi talin mikilvægari í lok kosningabaráttunnar en í upphafi hennar. Shehata og Strömbäck draga þá ályktun að ekki sé tímabært að afskrifa dagskrárvald fjölmiðla. Þrátt fyrir aukið framboð og aukið aðgengi að efni hafi hefðbundnir fjölmiðlar enn áhrif á skoðanir einstaklinga og hópa varðandi mikilvæg málefni (Shehata og Strömbäck, 2013).

Fjölmiðlar spegla og móta samfélagið á hverjum tíma, eins og nefnd menntamálaráðherra bendir á (Davíð Þór Björgvinsson o.fl., 2004). Í ljósi þess er áhugavert að skoða umfjöllun fjölmiðla í tengslum við þær miklu breytingar sem orðið hafa á íslenskum

vinnumarkaði undanfarna áratugi. Erlendum ríkisborgurum á Íslandi hefur fjölgað umtalsvert frá aldamótum og á vinnumarkaði hefur þeim fjölgað úr sárafaum yfir í að vera umtalsverður hluti vinnuaflsins, eða rúm 13% árið 2017 (Vinnumálastofnun, 2018). Við setjum því fram rannsóknarspurninguna:

Hvert er umfang umfjöllunar útbreiddustu dagblaða og vefmiðils landsins um erlent vinnuafli á íslenskum vinnumarkaði og hvernig þróaðist hún frá og með 2006 til og með 2017?

Aðferð

Rannsóknin á umfjöllun um erlent vinnuafli í íslenskum fjölmiðlum er lýsandi og markmiðið er að varpa ljósi á þróun umfjöllunar samhliða þróun atvinnuþátttöku erlendra ríkisborgara á Íslandi. Rannsóknin byggir á greiningu á efni úr íslenskum fjölmiðlum árin 2006 til 2017. Greinarnar voru flokkaðar eftir eðli þeirra, þ.e.a.s. hvort um ritstjórnarefni var að ræða eða innsenda grein. Þá voru greinarnar flokkaðar eftir því hvort erlent vinnuafli var aðalumfjöllunarefni greinarinnar eða hvort efnisorðin komu upp sem aukaatriði í grein um annað efni. Upplýsingar um þessa flokka eru settar fram með lýsandi hætti eftir fjölda greina á tímabilinu sem er til rannsóknar. Til viðbótar var gerð innihaldsgreining (Merriam, 2009) á þeim 812 greinum sem fundust um erlent vinnuafli á íslenskum vinnumarkaði. Greinarnar voru flokkaðar eftir því hvort þær fjölluðu á jákvæðan eða neikvæðan hátt um erlent vinnuafli, eða teldust hlutlausar. Þemagreining var jafnframt gerð á innihaldi greinanna og í þeirri vinnu komu fram nokkur þemu sem gerð verður grein fyrir: *Atvinnuleysi*, *brot á reglum/löggjöf*, *naudsynlegt* og, að lokum, *stela störfum*. Fyrstu þremur þemunum munum við gera grein fyrir með lýsandi tölfraði en kafað er dýpra í umfjöllun sem tengist þemanu að útlendingar steli störfum af íslenskum ríkisborgurum.

Gagnaöflun

Til þess að finna og sækja texta, vefslóð og dagsetningu umfjöllunar um erlent vinnuafli var búið til forrit til skröpunar (e. scraper). Skröpun, sem er í grófum dráttum aðferð til að safna sjálfvirkt stafrænum gögnum af netinu, er í vaxandi mæli nýtt í félagsvísindum, og eru fjölmiðlarannsóknir þar engin undantekning (Marres og Weltevrede, 2013). Í þessari rannsókn er byggt á forritunarmálinu Python v.3.6 og pakkanum BeautifulSoup, og niðurstöður settar upp í PostgreSQL-gagnagrunn.


Aðferðin við skröpun takmarkaði nokkuð val á miðlum til rannsóknar. Til þess að hægt sé að beita skröpun þarf greinasafn að vera aðgengilegt á neti og í gegnum áreiðanlega leitarvél. Það útilokar þá vefi sem nota Google-leitarvélina, en hún byggir á því að skila viðeigandi (e. relevant) niðurstöðum hratt, en ekki endilega tæmandi lista (Google, 2018a, Google, 2018b). Af þessum ástæðum var ekki mögulegt að beita skröpun á Vísir.is, þrátt fyrir að hann sé, ásamt mbl.is, mest lesni fréttavefur landsins (Gallup, e.d.). Vefurinn Rúv.is hefur tekið töluverðum breytingum á undanförunum árum og skilaði leit á þeim vef fáum niðurstöðum, og ljóst að skröpun náði ekki til allra þeirra ára sem rannsóknin nær til. Í ljósi þess var ákveðið að sleppa Rúv.is. Niðurstaðan er að leit var gerð á fréttavefnum mbl.is og tveimur prentmiðlum;

Morgunblaðinu og Fréttablaðinu, en þau eru einu dagblöðin sem gefin eru út á landsvísu og komu út allt rannsóknartímabilið. Með þessum miðlum er mögulegt að bera saman stærstu prentmiðlana annars vegar og hins vegar prent- og vefútgáfu af sama miðli, þ.e. Morgunblaðinu og mbl.is.

Fyrir prentmiðlana var leitarvél í skjalasafninu timarit.is notuð, en á mbl.is var byggt á leitarvél síðunnar sjálftrar. Síðustu þrjú árgangar af Morgunblaðinu voru ekki aðgengilegir á timarit.is og fyrir þau ár (2015 – 2017) var byggt á leitarvél greinasafns Morgunblaðsins. Samanburður var gerður á nokkrum mánuðum á milli leitarvélar greinasafns Morgunblaðsins og timarit.is og skiluðu leitirnar sambærilegum niðurstöðum. Leitarorðið sem byggt var á var „vinnuafli“, í þeim orðmyndum sem talið var að fram gætu komið, þ.e. vinnuafli, vinnuafli, vinnuafli, vinnuafli og vinnuafli.


Niðurstöður

Skröpun sýndi fram á að í allt kom hugtakið vinnuafli fram í 2.877 greinum. Þar af fjölluðu 812 greinar efnislega um erlent vinnuafli á Íslandi á tímabilinu, sem gerir að meðaltali tæpar sex greinar á mánuði í miðlunum þremur yfir rannsóknartímabilið. Hlutfallslega fjölluðu 28% greina þar sem hugtakið vinnuafli kom fyrir um erlent vinnuafli á Íslandi, en það er töluvert hærra en hlutfall erlends vinnuafli á íslenskum vinnuafli, sem fór hæst í 13% á rannsóknartímabilinu. Hlutfallið sveiflast nokkuð á tímabilinu; er 40% við upphaf þess en fellur á næstu fjórum árum niður í 10% þar sem það helst til ársins 2013, en þá eykst það fram til ársins 2017, þar sem það fer upp í 50%, en á þeim árum fjölgaði erlendu vinnuafli aftur eftir hrun (samanber myndir 2 og 3).




Mynd 4. Heildarfjöldi umfjallana þar sem leitarorðið vinnuafli kom fyrir og hlutfall greina sem fjalla um erlent vinnuafli.

Mynd 5 sýnir umfjöllun um erlent vinnuafli brotið niður eftir mánuðum. Eins og glögggt má sjá sker einn mánuður, nóvember 2006, sig verulega úr í tíðni umfjöllunar um erlent vinnuafli. Þessa aukningu má að langmestu leyti rekja til þess að fyrir alþingiskosningar 2007 gerði Frjálslyndi flokkurinn útlendinga og erlent vinnuafli að einu af kosningamálum sínum. Það er þó áhugavert að þrátt fyrir þetta kosningamál náði flokkurinn ekki að stýra umræðunni um vinnuafli inn á umfjöllun um erlent vinnuafli. Þó að við verðum ekki áþreifanlega vör við viðlíka aukningu í umfjöllun um erlent vinnuafli seinna á tímabilinu er áhugavert að hlutfallið hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og árið 2017 er svo komið að helmingur allra umfjallana um vinnuafli er um erlent vinnuafli.




Mynd 5. Umfjöllun um erlent vinnuafli – Þróun á tímabilinu.

Í ljósi þess að fjöldi greina um erlent vinnuafli er í upphafi tímabilsins að miklu leyti rakinn til kosningabaráttu Frjálslynda flokksins er áhugavert að skoða þessa þróun út frá því hvort um ritstjórnarefni er að ræða eða aðsenda grein. Í ljós kemur að hlutfall aðsendra greina er langhæst við upphaf tímabilsins, á þeim tíma sem efnið var stefnumál Frjálslynda flokksins, en lækkar eftir það. (Vísu með beinum hætti í mynd 6??)



Mynd 6. Umfjöllun um erlent vinnuafli – Skipting milli aðsendra greina og fréttá 2006 – 2017.

Tíðni eða hlutfall greina sem fjalla um erlent vinnuafli á Íslandi er þó eitt og sér ekki nægjanlegur mælikvarði á viðhorf til erlends vinnuafli á Íslandi. Til þess að fá innsýn í umfjöllunina þarf að leggja mat á innihald greina. Hér var mat lagt á innihald út frá þrem flokkum; hvort greinin fjallaði á jákvæðan eða neikvæðan hátt um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og hvort umfjöllunin teldist hlutlaus, það er að segja tæki ekki afstöðu eða fjallaði um hvort tveggja neikvæðar og jákvæðar hliðar málsins. Á myndum 7 og 8 má sjá þessa skiptingu eftir því hvort erlent vinnuafli var aðalumfjöllunarefnið eða hvort minnst var á erlent




vinnuafli í tengslum við annað efni.

Mynd 7. Erlent vinnuafli aðalumfjöllunarefni – Þróun jákvæðra, hlutlausra og neikvæðra umfjallana 2006 – 2017.

Mynd 8. Erlent vinnuafli aukaumfjöllunarefni – Þróun jákvæðra, hlutlausra og neikvæðra umfjallana 2006 – 2017.

Heilt yfir er meira um jákvæða umfjöllun í þeim greinum þar sem erlent vinnuafli er aðalumfjöllunarefni greinarinnar. Árið 2012 sker sig þó þar úr en engin grein sem birtist um erlent vinnuafli það ár tekur efnið fyrir með jákvæðum hætti. Mikilvægt er þó að muna að það ár birtust aðeins 17 greinar um efnið og aðeins 10% allrar umfjöllunar um vinnuafli fjölluðu um erlent vinnuafli. Ef við skoðum sömu greiningu út frá því hvort um aðsent efni er að ræða eða ekki (myndir 9 og 10) kemur fram að ritstjórnarefni er í meira mæli hlutlaust heldur en innsendar greinar. Það vekur þó athygli að ef horft er eingöngu til greina sem teljast neikvæðar eða jákvæðar eru neikvæðar fréttir heilt yfir fleiri en jákvæðar. Einu undantekningarnar frá þessu eru árin 2006 og 2015.



Mynd 9. Erlent vinnuafli – Þróun jákvæðra, hlutlausra og neikvæðra umfjallana í ritstjórnarefni 2006 – 2017.


Mynd 10. Erlent vinnuafli – Þróun jákvæðra, hlutlausra og neikvæðra umfjallana í aðsendum greinum 2006 – 2017.

Þegar myndir 7 – 10 eru skoðaðar er vert að taka tillit til þess að líkt og sást á myndum 5 og 6 er meiri umfjöllun við jaðra rannsóknartímabilsins heldur en um mitt tímabilið. Því ætti að varast að draga miklar ályktanir út frá gögnunum. Að þessu sögðu virðist vera lítið um jákvæða umfjöllun nær allt tímabilið, að undanskildu árinu 2015. Sérstaka athygli vekur að árin 2006 – 2009 eru aðsendar greinar stór hluti umfjöllunar, og eru nokkuð jöfnum höndum jákvæðar og neikvæðar. Síðar á rannsóknartímabilinu halda áfram að berast neikvæðar innsendar greinar, en þær jákvæðu hverfa nánast.

Erlent vinnuafli nauðsynlegt eða takmarkandi á íslenskum vinnumarkaði?


Við innihaldsgreiningu á greinunum sást að atvinnuleysi kom fram í 35 greinum og brot á reglum/löggjöf í 52 greinum, en þemað *nauðsynlegt*, þar sem fjallað er um mikilvægi erlends

vinnuafli á Íslandi, kom alls fyrir í 85 greinum. Ef við skoðum tíðni þessarar umfjöllunar kemur fram að líkt og þegar heildarumfjöllun um erlent vinnuafli er skoðuð eru tilfelli flest í upphafi og við lok rannsóknartímabilsins (mynd 11). Þegar þessi tvö þemu eru borin saman er áhugavert að sjá að í upphafi tímabilsins eru greinar um nauðsyn þess að flytja inn erlent vinnuafli mun fleiri en greinar um brot á löggjöf en á síðari hluta tímabilsins, þegar erlendum ríkisborgurum á íslenskum vinnumarkaði hefur fjölgað mjög, eykst umfjöllun um brot. Þar sem fáar greinar liggja að baki þessari greiningu er rétt að benda á að einstök mál, á borð við mansalsmál sem upp kom í Vík í Mýrdal, hafa veruleg áhrif á umfjöllun um erlent vinnuafli á Íslandi.



Mynd 11. Tíðni greina sem fjalla um nauðsyn erlends vinnuafli og brot á vinnulöggjöf 2006 – 2017.

Greinar sem fjalla um atvinnuleysi voru að langstærstum hluta upplýsingar um tölfræði. Eins og sést á mynd 12 var atvinnuleysi erlendra ríkisborgara mun meira en íslenskra ríkisborgara í kjölfar fjármálakreppunnar.



Mynd 12. Erlent vinnuafli – Umfjöllun í samanburði við atvinnuleysi 2006 – 2017.

Þegar greinar sem fjalla um nauðsyn þess að flytja inn erlent vinnuafli eru skoðaðar frekar kemur fram að nauðsynin er tengd við aldursamsetningu þjóðarinnar, heilbrigðiskerfið, iðnað, ferðamennsku og aukinn hagvöxt. Athyglisvert er að umfjöllun um atvinnuleysi og nauðsyn þess að flytja inn vinnuafli kemur að mestu fram á sama tíma. Út frá upplýsingum um atvinnuleysi er ljóst að umfjöllun um atvinnuleysi kemur fram í upphafi rannsóknartímabilsins, þegar atvinnuleysi er mjög lágt, og dettur að mestu leyti niður þegar atvinnuleysi er mikið, en eykst aftur á sama tíma og atvinnuleysi minnkar og spurn eftir starfsfólki er meiri, meðal annars vegna vaxtar ferðaþjónustunnar.

Erlent vinnuafli stelur störfum

Það þema sem ef til vill kemst næst því að fanga viðhorf í garð erlends vinnuafli á Íslandi er þemað *að stela störfum* en í allt voru 29 greinar merktar því þema og af þeim eru 10 aðsendar greinar. Til þess að grein falli undir þemað þarf innihald hennar að gefa í skyn að erlent vinnuafli væri á einhvern hátt að stela störfum af íslenskum ríkisborgurum, til að mynda með því að þiggja lægri laun. Gegnumgangandi viðhorf í greinunum er að mikilvægt sé að nýta þann mannafla sem þegar er til staðar á Íslandi. Rúmur þriðjungur þeirra greina sem lýsa áhyggjum yfir því að útlendingar steli vinnu af Íslendingum birtist árið 2006 en eins og fram hefur komið setti Frjálslyndi flokkurinn málið á dagskrá í aðdraganda kosninga árið 2007. Í forsiðufrétt Fréttablaðsins (Stefna Frjálslyndra í málum innflytjenda vekur ugg, 6. nóv. 2006) um stefnu Frjálslynda flokksins er haft eftir Magnúsi Þór Hafsteinssyni, varaformanni flokksins:

Frjálsslyndi flokkurinn setti fram það sjónarmið að íslenskt samfélag væri ekki tilbúið til þess að taka móti öllum þeim fjölda af útlendingum sem hingað kæmi þegar gefið var grænt ljós á frjálst flæði vinnuafls 1. maí á þessu ári. Það hefur komið á daginn, að þessu flæði hafa fylgt margvísleg vandamál sem við erum ekki tilbúin að takast á við.

Magnús lýsir ekki í hverju þessi vandamál felast, en í greininni er tekið fram að atvinnuleysi hafi verið í lágmarki undanfarin misseri og útlendingar flestir í fastri vinnu. Rök Magnúsar Þórs eru hins vegar að:

Það hefði miklu frekar átt að nýta betur þann mannauð sem fyrir er í landinu. Það er töluvert af fólki sem á erfitt með að fá vinnu hér á landi, til dæmis fólk yfir fimmtugt og fólk sem býr við örorku.

Í greinum undir þemanu að stela störfum kemur þó einnig fram að eldri borgarar vilja ekki vinna vegna þeirrar skerðingar sem verður á lífeyrisgreiðslum þeirra, svo kallaðrar króna á móti krónu skerðingar. Það flækir töluvert málflutning Frjálsslynda flokksins, sem kallar í því samhengi eftir því að sú skerðing verði felld niður (Guðjón Arnar Kristjánsson, 2006, 31. desember). Undir það tekur stjórn Samtaka um verslun og þjónustu, en tvær greinar greina frá yfirlýsingu stjórnarinnar um að hún sé ekki andsnúin frjálssu flæði vinnuafls, enda hefði ekki verið hægt að halda úti ákveðinni starfsemi án þess, en bendi á að við þær skerðingarreglur sem í gildi eru fáist eldra fólk sem býr við góða heilsu ekki út á vinnumarkaðinn (Mbl.is, 2006, 7. nóvember; Morgunblaðið, 2006, 12. nóvember).

Viðhorf Frjálsslynda flokksins féll þó í fremur grýttan jarðveg. Í forsíðufréttinni sem vísað var til hér að ofan var einnig rætt við Einar Skúlason, þáverandi framkvæmdastjóra Alþjóðahúss, sem sagði Magnús Þór fara fram með hræðsluáróður, og í grein sem birtist í Morgunblaðinu þann 8. nóvember 2006 kemur fram að málflutningur Magnúsar Þórs mætti jafnframt mikilli andstöðu í þinginu (Andri Karl, 2006, 8. nóvember). Það er einnig ljóst að málflutningur Frjálsslynda flokksins hefur ekki náð inn í almenna fjölmiðlaumfjöllun, en engin frétt um að erlent vinnuafl taki störf af Íslendingum er birt frá árinu 2008 til ársins 2014, en fjórar aðsendar greinar reifa þá hugsun.

Árið 2014 birtist grein um atvinnuleysi þar sem fram koma áhyggjur greiningardeildar Arion banka þess efnis að erlendir ríkisborgarar leiti til landsins í atvinnuleit þó að atvinnuleysi á Íslandi sé enn fremur mikið í sögulegu samhengi (Helgi Vífill Júlíusson, 2014, 20. febrúar). Í annarri grein sama ár er því lýst að innflutningur vinnuafls gæti dregið úr þrýstingi og því vísað á bug að erlent vinnuafl steli störfum frá Íslendingum því erlenda starfsfólkið fari í störf sem Íslendingar hafi lítinn áhuga á (Baldur Arnarson, 2014, 16. apríl). Árið 2015 og 2016 litast umræðan í þessu þema af kjaradeilum. Tvær greinar sem birtar voru 2015 fjalla sérstaklega um heilbrigðisstarfsfólk þar sem rætt er um hvort erlent starfsfólk leysi vanda heilbrigðiskerfisins. Í annarri greininni er meðal annars rætt við heilbrigðisráðherra, sem bendir á að íslenskt heilbrigðisstarfsfólk hverfi til starfa á erlendri grundu og lýsir því að í kjaradeilu lækna hafi það verið skoðað að manna nauðsynlegar stöður með erlendum læknum:


Á sjúkrahúsinu á Akureyri starfar t.a.m. fólk frá Indlandi, Hollandi, Svíþjóð og Bandaríkjunum svo eitthvað sé nefnt og er frábær reynsla af því. Það er

einfaldlega veruleiki lífsins og frjáls flæðis vinnuafls að við munum ætíð vera með erlent fólk starfandi hér, bæði í heilbrigðisþjónustunni og víðar (mbl.is, 2015, 17. júlí).

Árið á eftir kveður við svipaðan tón þar sem hótun um að erlendir flugumferðarstjórar verði ráðnir til landsins liggur í loftinu (mbl.is, 2016, 31. maí). Þróunin á umræðunni virðist því fremur í átt frá því að útlendingar steli óskilgreindum störfum af Íslendingum og að því að ræða sérhæfðar starfsstéttir. Umræðan um mikilvægi þess að koma eldri borgurum og öryrkjum aftur á vinnumarkað er þó ekki alveg horfin og kemur aftur upp í einni grein í lok tímabilsins.

Umfjöllun og hlutfall útlendinga á íslenskum vinnumarkaði – samantekt

Umfjöllun um erlent vinnuafl sveiflaðist töluvert á því tímabili sem til rannsóknar er. Á mynd 13 má sjá hversu oft umfjöllun um erlent vinnuafl kemur fyrir í miðlunum sem til skoðunar voru, samanborið við hlutfall erlends vinnuafls af heildarvinnumarkaði á Íslandi. Myndin er sköluð svo auðveldara sé að tengja umfjöllun við hlutfall erlendra ríkisborgara af heildarvinnuafli. Athygli vekur að umfjöllun virðist að vissu leyti fylgja hlutfallinu, þótt umfjöllun hafi verið meiri við upphaf tímabilsins á meðan hlutfall erlends vinnuafls á vinnumarkaði var enn lágt.



Mynd 13. Fjöldi greina um erlent vinnuafl í miðlunum þremur og hlutfall erlendra ríkisborgara af heildarvinnuafli á Íslandi 2006 – 2017. Hlutfallsásnum hefur verið hliðrað.

Það vekur enn fremur athygli að enginn einn fjölmiðill í úrtakinu fylgir þessari þróun jafn vel og þegar umfjöllun fjölmiðlanna þriggja er lögð saman. Þannig er minni umfjöllun hjá Morgunblaðinu 2014 – 2015, en á móti kemur aukning hjá Fréttablaðinu og Mbl.is. Þá er rétt að benda á að þó að umfjöllun um erlent vinnuafl virðist fylgja þróun hlutfalls útlendinga af

heildarvinnuafli er umfjöllunin mjög takmörkuð. Fyrir utan fyrstu ár rannsóknartímabilsins virðist myndin því gefa til kynna að umfjöllun um erlent vinnuafli haldist í hendur við hlutfall þess af vinnuafli í heild. Það er hins vegar mikilvægt að horfa til þess að greinar um erlent vinnuafli voru í heildina 812 á tímabilinu, sem gerir að meðaltali tæpar sex greinar á mánuði í öllum þremur miðlunum yfir allt rannsóknartímabilið. Af þeim 812 greinum sem birtar voru um erlent vinnuafli á rannsóknartímabilinu eru 23% aðsendar greinar. Umfang umfjöllunar um erlent vinnuafli getur því ekki talist verulegt eða að meðaltali rétt tæplega tvær greinar á mánuði í hverjum miðli sem til skoðunar var. Hlutfall greina sem fjalla um erlent vinnuafli af öllum greinum sem fjalla um vinnuafli er þó herra en hlutfall erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði, sem gefur til kynna að það gegni mikilvægu hlutverki á vinnumarkaðinum þótt tekist sé á um hvort hlutverkið sé jákvætt eða neikvætt.

Umræður

Yfirlit yfir þær rannsóknir sem unnar hafa verið á erlendu vinnuafli á íslenskum vinnumarkaði bendir til þess að erlent vinnuafli sé nauðsynlegt og leysi hugsanlega vanda íslensks vinnumarkaðar þar sem fjölgun starfa hefur verið meiri en fjölgun Íslendinga á vinnumarkaði. Erlent vinnuafli leysi þannig ákveðinn vanda í íslensku þjóðfélagi, en mæti engu að síður ákveðnum fordómum (Kári Kristinsson og Margrét Sigrún Sigurðardóttir, 2019; Kristín Loftsdóttir, 2015; Kristín Loftsdóttir, Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Kári Kristinsson, 2016). Þessir fordómar koma ekki síst fram í því viðhorfi sem fram hefur komið, að erlent vinnuafli steli vinnu af Íslendingum. Það sjónarhorn að erlent vinnuafli steli störfum af eldri borgurum og öryrkjum kemur fyrst fram í tengslum við kosningabaráttu Frjálslynda flokksins og er nátengt umræðu um bættan aðgang þessara hópa að vinnumarkaði. Þegar líður á tímabilið verður umræðan þó tengdari ákveðnum atvinnugreinum og umfjöllun um atvinnuleysi, þó að þeirri skoðun skjóti upp í aðsendum greinum að erlent vinnuafli sé ógn við vinnuþátttöku eldri borgara og öryrkja.

Athygli vekur að oft myndast toppar í ákveðnum mánuðum, þ.e. aukning á umfjöllun sem flæðir ekki á milli mánaða. Þar er nóvember 2006 sérstaklega áberandi en þar er skýringin sú að einn stjórnmalaflokkur setti efnið á stefnuskrá sína og fylgdi því eftir með fjölda aðsendra greina sem svo var svarað. Þetta bendir til þess að umfjöllunin komi í bylgjum, þ.e. að umfjöllun um málefnið ýti tímabundið undir frekari umræðu og umfjöllun. Í því ljósi er áhugavert að skoða hvernig umfjöllun skiptist eftir því hvort áherslan í greininni er jákvæð eða neikvæð, þ.e. hvort í umfjölluninni komi fram að erlent vinnuafli sé mikilvægt fyrir íslenskt samfélag eða að í því felist ógn. Jákvæð og neikvæð umfjöllun er þó nokkuð jöfn og því er ekki hægt að segja að umfjöllun um erlent vinnuafli í þeim fjölmiðlum sem til rannsóknar voru hafi verið sérstaklega neikvæð. Þó ber að taka fram að ekki allir miðlar voru undir og ekki er útilokað að ef fleiri miðlar, hvort tveggja prent- og vefmiðlar, hefðu verið teknir inn hefði umfjöllunin orðið neikvæðari en fram kemur hér.

Þó að umfjöllunin hafi ekki verið áberandi neikvæð gagnvart erlendu vinnuafli er athyglisvert að hún dettur nánast alveg niður eftir hrun, þegar stór hópur útlandinga á íslenskum vinnumarkaði er án vinnu. Þetta gefur vísbendinu um að umfjöllun um erlent vinnuafli sé að

töluverðu leyti byggð á þeirri hugmynd að erlent vinnuafli sé nauðsynlegt íslenskum vinnumarkaði, en tilheyrir honum ekki þegar atvinnustig lækkar.

Greining á umfjöllun um erlent vinnuafli í íslenskum fjölmiðlum er að mestu leyti í samræmi við kanadískar rannsóknir, þar sem fram kemur að meginþemun í umfjöllun um erlenda verkamenn eru mikilvægi þeirra fyrir samfélagið og brot vinnumarkaðarins á þessum verkamönnunum (Bauder, 2005; Foster, 2014). Rannsókn Unnar Dísar Skaptadóttur og Önnu Wojtynska (2019) bendir til þess að brotið sé á erlendu verkafólki og eftir að rannsóknartímabilinu lauk hafa komið upp atburðir þar sem ljósi hefur verið varpað á bágan aðbúnað erlendra verkamanna á Íslandi. Til viðbótar hefur kjarabarátta Eflingar dregið bág kjör erlendra kvenna á vinnumarkaði fram í dagsljósið. Áhugvert væri að skoða hvort umfjöllun um erlent vinnuafli hefur breyst í kjölfarið. Þá væri áhugvert að víkka út leitina og taka inn fleiri leitaröð, svo einnig kæmu inn greinar sem tengjast stöðu erlends vinnuafli í Íslensku samfélagi í víðara samhengi.

Fjölmiðlar gegna margs konar hlutverki í nútímasamfélögum og rannsóknir benda til þess að þeir geti haft víðtæk áhrif á þekkingu og skynjun fólks á heiminum og á mótun almenningsálits (Curran o.fl., 2010; Nielsen og Schröder, 2013). Þeir endurspeglar vissulega samfélag sitt á hverjum tíma, en eru einnig mótunarafl með því að veita sumum málum athygli en ekki öðrum (Davíð Þór Björgvinsson o.fl., 2004). Erlendir ríkisborgarar eru umtalsverður hluti íbúa landsins, og mikilvægur hluti vinnumarkaðarins – en niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að þeir eigi lítinn stað í fjölmiðlaumfjöllum. Niðurstöður okkar benda þó til þess að umfjöllun um erlent vinnuafli fylgi að vissu leyti fjölda erlendra ríkisborgara á vinnumarkaði, þó með þeirri undantekningu að hún var mest við upphaf tímabilsins þegar útlendingar voru enn fáir á vinnumarkaðnum. Hugsanlegt er að hlutfallslega mikil aukning hafi kallað fram viðbrögð, en meirihluti umfjöllunar um erlent vinnuafli á þessum tíma var í tengslum við tilraun Frjálslynda flokksins til þess að koma af stað umræðu á þjóðernispólitískum forsendum. Slík umræða virðist ekki hafa náð sér á strik, þó að vissulega gæti þeirra viðhorfa að ekki þyrfti jafn mikið af erlendu vinnuafli á Íslandi ef eldri borgarar mættu vinna. Erfitt er þó að sjá fyrir sér að eldri borgarar myndu fylla þau störf í byggingariðnaði og ferðaþjónustu sem þeir sem hingað koma á vegum starfsmannaleiga fylla, þar sem þau störf sem erlendir starfsmenn fylla eru fyrst og fremst láglaunastörf (Guðbjört Guðjónsdóttir og Kristín Loftsdóttir, 2009; Unnur Dís Skaptadóttir, 2015) og erfðisvinna (Anna Wojtynska, 2019; Karl Sigurðsson og Valur Arnarsson, 2011; Vinnumálastofnun, 2018).

Heimildaskrá

Andri Karl. (2006, 8. nóvember). Tveggja ára aðlögunartími verður nýttur.

Félagsmálaráðherra segir undanþáguheimild beitt varðandi vinnuafli frá Búlgaríu og Rúmeníu – Fjörug umræða á Alþingi um fjölgun útlendinga á Íslandi. *Morgunblaðið*, bls. 10.

Anna Wojtynska. (2019). *Migration Experiences in Times of Transnationalism: Polish Migrants in Iceland* (PhD-ritgerð) Háskóli Íslands, Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild.

Baldur Arnarson. (2014, 16. apríl). Varar við offjárfestingu í hótélum. *Morgunblaðið*, bls. 6.

- Baldur Kristjánsson. (2009). *Skýrsla til félags- og tryggingamálaráðherra*. Strasbourg, Frakklandi Bauder, H. (2005). Landscape and scale in media representations: The construction of offshore farm labour in Ontario, Canada. *Cultural geographies*, 12(1), 41–58.
- Bennett, W. L., og Iyengar, S. 2008. A New Era of Minimal Effects? The Changing Foundations of Political Communication. *Journal of Communication*, 58(4), 707–731. doi: 10.1111/j.1460-2466.2008.00410.x.
- Bergmann, E. (2020). Populism and the politics of misinformation. *Safundi. The Journal of South African and American Studies*, 21, 251–265.
- Bergmann, E. og Butter, M. (2020). Populism and Conspiracy Theories. Í M. Butter og P. Knight (ritstj.), *Routledge Handbook of Conspiracy Theories* (3. hluti, 6. kafli). London: Routledge.
- Birgir Guðmundsson. (2007). Harðduglegir Pólverjar, harðvítugir Litháar og negri í Þistilfirði – Útlendingar á Íslandi í umfjöllun fjölmiðla. *Blaðamaðurinn*, 3, 11–15.
- Chaffee, S. H. og Metzger, M. J. (2001). The End of Mass Communication? *Mass Communication and Society*, 4(4), 365–379. doi: 10.1207/S15327825MCS0404_3.
- Curran, J, Salovaara-Moring, I., Coen, S. og Iyengar, S. (2010). Crime, foreigners and hard news: A cross-national comparison of reporting and public perception. *Journalism*, 11(1), 3–19. doi: 10.1177/1464884909350640.
- Davíð Þór Björgvinsson, Guðmundur Heiðar Frímansson, Karl Axelsson og Pétur Gunnarsson. (2004). Greinargerð nefndar menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Sótt 20. ágúst 2018 af <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodes/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/AE971062E704ED44002576F00058D97D/Attachment/fjolmidla.pdf>
- Erla S. Kristjánsdóttir, Þóra H. Christiansen og Inga Minelgaite. (2019). Er grasið alltaf grænna annars staðar? Væntingar og reynsla erlends starfsfólks af starfsmannaleigu og íslensku samfélagi. *Tímarit um viðskipti og efnahagsmál*, 16(1), 23–40.
- Fjölmiðlavaktin. (2007). *Innflytjendur greining á umfjöllun fjölmiðla 2006*. Reykjavík: Fjölmiðlavaktin.
- Foster, J. (2014). From “Canadians first” to “workers unite”: Evolving union narratives of migrant workers. *Relations Industrielles/Industrial Relations*, 69(2), 241–265.
- Friðrik Þór Guðmundsson, Kjartan Ólafsson, Valgerður Jóhannsdóttir og Þorbjörn Broddason. (2010).
- Umfjöllun fjölmiðla á Íslandi um banka og fjármálafyrirtæki 2006–2008. Í Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir og Tryggvi Gunnarsson (ritstj.), *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir* (bindi 8, viðauki 19. Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis.
- Gallup. (e.d.). Topplistar. Sótt 23. nóv. 2019 af http://topplistar.gallup.is/index.php/history/topp_isl
- Google. (2018a). Google doesn't crawl or index all my pages. Sótt 3. september 2018 af <https://support.google.com/webmasters/answer/34441?hl=en>

- Google. (2018b). How Search Algorithms work. Sótt 3. september 2018 af <https://www.google.com/search/howsearchworks/algorithms/>
- Guðbjört Guðjónsdóttir og Kristín Loftsdóttir. (2009). Íslendingar þrifa ekki herbergi: Skörun kyns og uppruna í störfum á hóteli. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum X* (bls. 447–458) Reykjavík: Félags- og mannvísindadeild.
- Guðjón Arnar Kristjánsson (2006, 31. desember). Við áramót: Innflytjendur – velferð – skattar. Aðsend grein, *Morgunblaðið*, bls. 33.
- Guðný Björk Eydal og Guðbjörg Ottósdóttir. (2009). *Immigration and the Economic Crisis: The Case of Iceland*, Working paper no. 4: 2009. Reykjavík: Þjóðmálastofnun Háskóla Íslands. Sótt 31. október 2019 af http://thjodmalastofnun.hi.is/sites/thjodmalastofnun.hi.is/files/skrar/immigration_and_the_economic_crisis_gbe_go_strand5_final_1.pdf
- Gylfi Magnússon, Inga Minelgaite, Erla S. Kristjánsdóttir og Þóra H. Christiansen (2018). Here to stay? The rapid evolution of the temporary staffing market in Iceland. *Stjórnmal og Stjórnsýsla*, 14(2) 135–158.
- Hagstofa Íslands. (2018). Innflytjendum heldur áfram að fjölga. Sótt 7. september 2020 af <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-eftir-bakgrunni-2018/>
- Hagstofa Íslands. (2020). Mannfjöldi eftir bakgrunni, kyni og aldri 1996–2019. Sótt 5. apríl 2020 af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__3_bakgrunnur__Uppruni/MAN43000.px
- Hari, A. (2018). Putting “Canadians First”: Problematizing the Crisis of “Foreign” Workers in Canadian Media and Policy Responses. *International Migration*, 56(6), 191–206.
- Helga Ólafsdóttir og Malgorzata Zielińska (2010). „I started to feel worse when I understood more“ – Polish immigrants and the Icelandic media. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.), *Þjóðarspejllinn XI: Rannsóknir í félagsvísindum* (bls. 76–85). Reykjavík: Félagsvísindasvið Háskóla Íslands.
- Helga Ólafsdóttir. (2009). *Eru fjölmiðlar fyrir alla? Fjölmiðlanotkun Pólverja á Íslandi* (MA-ritgerð). Háskóli Íslands, Félags- og mannvísindadeild. Sótt af <https://skemman.is/handle/1946/4144>
- Helgi Vífill Júlíusson (2014, 20. febrúar). Við erum hætt að spóla. *Morgunblaðið*, Viðskipti, bls 2.
- Helles, R., Ørmen, J., Radil, C. og Jensen, K. B. (2015). The Media Landscapes of European Audiences. *International Journal of Communication*, 9. 21. <https://ijoc.org/index.php/ijoc/article/view/3448>
- Inouye, K. (2012). Conditional love; representations of migrant work in Canadian newsprint media. *Social Identities*, 18(5), 573–592.
- Jóhannsdóttir, V. (2019) *The State of News Media in Iceland in the beginning of the 21st century*. PhD Dissertation, Roskilde Universitet, Doctoral School of Communication and Arts.
- Karl Sigurðsson og Valur Arnarsson. (2011). *Erlendir ríkisborgarar á íslenskum vinnumarkaði árin 2006–2009*. Reykjavík: Vinnumálastofnun.

- Kári Kristinsson og Margrét Sigrún Sigurðardóttir. (2019). Ráðum við frekar Guðmund og Önnu heldur en Muhammed og Aishu? Áhrif múslimsks nafns í ferilskrám. *Íslenska þjóðfélagið* 10(2) 97-111.
- Kristinsson, K. og Sigurðardóttir, M. S. (2020). Signaling Similarity in the Icelandic Labour Market: How Can Immigrants Reduce Statistical Discrimination? *Migration Letters*, 17(2), 349–356.
- Kristín Loftsdóttir. (2015). Útlendingar, negrastrákar og hryðjuverkamenn: Kynþáttafordómar í íslenskum samtíma. *Ritið*, 15(1), 157–178.
- Kristín Loftsdóttir. (2019). „Fenguð þið frí af Litla-Hrauni?“. Kynþáttahyggja og fordómar í garð fólks frá Litháen í upphafi 21. aldar. *Íslenska þjóðfélagið*, 10(2), 80–96.
- Kristín Loftsdóttir, Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Kári Kristinsson. (2016). „Hún gæti verið múslimi og allt það“: Ráðning fólks af erlendum uppruna til íslenskra fyrirtækja. *Stjórnmal og Stjórnsýsla*, 12(2), 393–416. doi:10.13177/irpa.a.2016.12.2.10.
- Kristín Loftsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir. (2019). Íslenskur vinnumarkaður – erlent starsfólk. *Íslenska þjóðfélagið*, 10(2), 3–13.
- Linda Dögg Hlöðversdóttir. (2005). *We are people too. Media representation and the identity of „Asian“ adolescents in Iceland* (MA-ritgerð). The London School of Economics and Political Science.
- Marres, N. og Weltevrede, E. (2013). Scraping the social? *Journal of Cultural Economy*, 6(3), 313–335. doi:10.1080/17530350.2013.772070.
- Mbl.is (2006, 7. nóvember). Framboð og eftirspurn á vinnumarkaði. *Mbl.is*. Sótt af: https://www.mbl.is/frettir/innlent/2006/11/07/frambod_og_eftirspurn_a_vinumarkadi/
- Mbl.is (2015, 17. júlí) Ekki leyst með erlendu starfsfólki. *Mbl.is*. Sótt af https://www.mbl.is/frettir/innlent/2015/07/17/ekki_leyst_med_erlendu_starfsfolki/
- Mbl.is (2016, 31. maí) Reynt að koma hreyfingu á málið. *Mbl.is*. Sótt af: https://www.mbl.is/frettir/innlent/2016/05/31/reynt_ad_koma_hreyfingu_a_malid/
- McCombs, M. (2008). Setting the agenda: The mass media and public opinion. Í G. Mesch (ritstj.), *International Encyclopedia of the Social and Behavioral Sciences* (bls. 285–288). Oxford: Elsevier.
- McCombs, M. E. og Shaw, D. L. (1972). The agenda-setting function of mass media. *Public Opinion Quarterly*, 36, 176–187.
- McNair, B. (2006). *Cultural chaos: journalism and power in a globalised world*. Routledge.
- Merriam, S. B. (2009). *Qualitative Research – A guide to Design and Implementation*. San Fransisco, Bandaríkin: Jossey-Bass.
- Minelgaite, I., Christiansen, P. H. og Kristjánsdóttir, E. S. (2019). Lithuanian Temporary Workers in Iceland in Another Economic Boom: Expectations and Experiences. *South East European Journal of Economics and Business*, 14(1), 101–114.
- Morgunblaðið (2006, 12. nóvember). Áskorun um óskertar aldurstengdar bætur launafólks, *Morgunblaðið*, bls. 59.
- Newman, N., Fletcher, R., Kalogeropoulos, A., Levy, D. A. L. og Nielsen, R. K. (2016). *Reuters Institute Digital News Report 2016*. Oxford: Reuters Institute for the Study of Journalism.

- Newman, N., Fletcher, R., Kalogeropoulos, A., Levy, D. A. L. og Nielsen, R. K. (2017). *Reuters Institute Digital News Report 2017*. Oxford: Reuters Institute for the Study of Journalism.
- Nielsen, R. K. og Schrøder, K. C. (2013). *Danskernes brug af nyhedsmedier 2013*. Roskilde Universitet, Danmark.
- Nielsen, R. K. og Schrøder, K. C. (2014). The Relative Importance of Social Media for Accessing, Finding, and Engaging with News. *Digital Journalism*, 2 (4), 472–489. Doi: 10.1080/21670811.2013.872420.
- Ólöf Garðarsdóttir og Þóroddur Bjarnason. (2010). Áhrif efnahagsþrenginga á fólksflutninga til og frá landinu. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.), *Þjóðarspejillinn 2010: Rannsóknir í félagsvísindum XI* (bls ?-?). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Papathanassopoulos, S., Coen, S., Curran, J., Aalberg, T., Rowe, D., Jones, P., Rojas, H. og Tiffen, R. (2013). Online Threat, But Television is Still Dominant. *Journalism Practice*, 7(6), 690–704. Doi:10.1080/17512786.2012.761324
- Shehata, A. og Strömbäck, J. (2013). Not (Yet) a New Era of Minimal Effects: A Study of Agenda Setting at the Aggregate and Individual Levels. *International Journal of Press/Politics*, 18(2), 234–255.
- Sólveig Georgsdóttir og Hallfríður Þórarinsdóttir. (2009). *Staða innflytjenda á erfiðleikatímum – raddir og viðhorf*. Reykjavík: MIRRA – Miðstöð innflytjendarannsókna Reykjavíkur Akademiúnni.
- Stangej, O., Minelgaite, I., Kristinsson, K. og Sigurðardóttir, M. S. (2019). Post-migration labor market: prejudice and the role of host country education. *Evidence-based HRM: A Global Forum for Empirical Scholarship* 7(1), 42–55.
- Stefna Frjálslyndra í málum innflytjenda vekur ugg. (6. nóv. 2006). *Fréttablaðið*. Reykjavík, Torg.
- Takeshita, T. (2006). Current Critical Problems in Agenda-Setting Research. *International Journal of Public Opinion Research*, 18 (3), 275-296. doi: 10.1093/ijpor/edh104.
- Unnur Dís Skaptadóttir. (2015). What Happened to the Migrant Workers?. í E. Paul Durrenberger og Gísli Pálsson (ritstj.), *Gambling Debt: Iceland's Rise and Fall in the Global Economy* (bls. 175–186). Boulder: University Press of Colorado.
- Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtyńska. (2019). Sveigjanlegur vinnumarkaður og harkvinna erlends starfsfólks á Íslandi, *Íslenska þjóðfélagið*, 10(2) 14-28.
- Vala Jónsdóttir, Kristín Erla Harðardóttir og Ragna Benedikta Garðarsdóttir. (2009). *Innflytjendur á Íslandi*. Viðhorfskönnun, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Vinnuálagstofnun. (2017). *Vinnuáfl og atvinnuleysi eftir ríkisborgararétti 2000–2017*. Reykjavík: Höfundur.
- Vinnuálagstofnun. (2018) *Erlendir ríkis borgarar á íslenskum vinnumarkaði á árunum 2012 – 2017*. Reykjavík: Höfundur. Sótt af <https://www.vinnuálagstofnun.is/media/2003/erlendir-rikisborgarar-2012-2017-endanlegt.pdf>
- Þorbjörn Broddason. (2005). *Ritlist, prentlist, nýmiðlar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Dóra Christiansen og Erla S. Kristjánsdóttir. (2016). Veggurinn er alltaf til staðar: Upplifun háskólamenntaðra innflytjenda af samskiptum og samningsstöðu gagnvart vinnuveitendum. *Íslenska Þjóðfélagið*, 7(1), 5–22.

Um höfunda

Klemenz Hrafn Kristjánsson er hugbúnaðarsérfræðingur. Hann lauk BS prófi í iðnaðarverkfræði 2013, BS prófi í tölvunarfræði og MS prófi í iðnaðarverkfræði árið 2015, auk MS prófi í stjórnun og stefnumótun árið 2018, allt við Háskóla Íslands. Klemenz hefur meðal annars rannsakað málefni útlendinga á Íslandi, þar á meðal í samvinnu við Útlendingastofnun.

Margrét Sigrún Sigurðardóttir (mss@hi.is) er lektor í Viðskiptafræðideild við Háskóla Íslands. Hún lauk BA prófi í Heimspeki frá HÍ árið 1998, meistaraprófi í Stjórnun og stefnumótun frá HÍ árið 2004 og doktorsprófi frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn árið 2010. Margrét hefur meðal annars rannsakað stöðu útlendinga á íslenskum vinnumarkaði.

Valgerður Jóhannsdóttir er lektor við Stjórn málafræðideild við Háskóla Íslands og hefur umsjón með meistaranámi í blaða- og fréttamennsku. Hún lauk doktorsprófi við Hróarskelduháskóla 2019. Valgerður hefur einkum rannsakað tengsl fjölmiðla og lýðræðis, kynjahalla í fréttum og stöðu blaðamennsku sem fagstéttar.